
Efnistaka í Svartagili

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 23. mars 2018 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vegagerðinni um fyrirhugaða efnistöku í Svartagili, Þingvallasveit í Bláskógabyggð samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 2.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Bláskógabyggðar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Þingvallanefndar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Efnistaka í Svartagili í Bláskógabyggð. Fyrirspurn um matsskyldu. VSÓ Ráðgjöf, mars 2018.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Bláskógabyggð með tölvubréfi dags. 16. apríl 2018.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 5. apríl 2018.
- Minjastofnun Íslands með tölvubréfi dags. 13. apríl 2018.
- Umhverfisstofnun með tölvubréfi dags. 10. apríl 2018.
- Þjóðgarðinum á Þingvöllum með tölvubréfi dags. 27. apríl 2018.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að náman í Svartagili sé malarnáma í áreyrum í eldri farvegi Hrutagilslækjar. Náman er opin og hefur Þingvallapjódgarður nýtt efni úr henni um nokkurt skeið í tengslum við ýmsar framkvæmdir s.s. stígagerð. Tilgangur framkvæmdanna er að nýta efni til endurbóta á Þingvallavegi (36) milli þjónustumiðstöðvar og syðri vegamóta við Vallarveg í Bláskógabyggð en sú framkvæmd var tilkynnt til Skipulagsstofnunar í nóvember 2017.

Fram kemur að efnistökusvæðið sé í landslagi sem mótast hafi af framburði lækja. Á vorin berist mikið efni fram í leysingum og lækirnir flæmist um aurana. Náman sé innan þjóðgarðsins á Þingvöllum, á náttúruminjaskrá (nr. 743 Þingvellir og Þingvallavatn) og á vatnasviði Þingvallavatns.

Fram kemur að aðkoma að námunni sé frá Kaldadalsvegi (550) og fjarlægð hennar frá fyrirhuguðum endurbótum á Þingvallavegi sé um 5 km. Fyrirhugað sé að taka allt að 30.000 m³ úr námunni. Umfang efnistökkunnar verði afmarkað á um 7000 m² svæði og haugstæðið verði innan námunnar. Fram kemur að efnistöku verði hagað þannig að mold og svarðlagi verði ýtt til hliðar við upphaf efnistöku og að framkvæmd lokinni verði náman mótuð að umhverfinu og jarðveginum jafnað yfir sárið. Allri efnistöku og frágangi í verklok verði hagað í samráði við þjóðgarðsvörð og Umhverfisstofnun.

Fram kemur að framkvæmdaraðili leggi til ákveðið verklag til að lágmarka mengun ef óhöpp af völdum olíu eigi sér stað við framkvæmdirnar sem feli m.a. í sér að efnistaka úr námunni skuli ekki



fara niður fyrir grunnvatnsyfirborð og að verktaki skuli hafa daglegt eftirlit með vinnuvélum og tækjum.

4 UMHVERFISÁHRIF

Ásýnd og vatnafar

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur að náman sé lítið áberandi frá útsýnis- og ferðamannaleiðum í Þjóðgarðinum. Þekkt gönguleið yfir Leggjabryót hefjist í Svartagili og liggi slóðin meðfram námunni. Framkvæmdaraðili leggi til að hann gangi frá eldri hluta efnistökusvæðisins sem mótvægisáðgerð, í samvinnu við Þjóðgarðinn á Þingvöllum og í samráði við Umhverfisstofnun.

Að mati sveitarstjórnar Bláskógabyggðar er náman lítið sýnileg og ekki talið að framkvæmdin muni hafa veruleg áhrif á ásýnd Þingvallasvæðisins.

Í umsögn Þingvallapjóðgarðs kemur fram að sjónræn áhrif af námunni séu hverfandi frá meginsvæðum ferðamanna. Aðkoma og meginnámusvæði sé þegar til staðar og því sé ekki um nýtt rask eða inngríp í landið að ræða. Efnistökusvæðið sé í vesturkanti námunnar og verði minniháttar rask í þeim jaðri.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að þarna hafi efni verið tekið á stóru svæði og hafi ekki verið gengið alveg frá eldri ummerkjum efnistöku. Stofnunin telur að efnistakan muni ekki auka sjónræn áhrif frá því sem orðið sé og að ekki sé hættu á efnamengun verði kynntu verklagi fylgt.

Bláskógabyggð, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Minjastofnun Íslands, Umhverfisstofnun og Þingvallanefnd álíta ekki að fyrirhuguð framkvæmd sé líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif eða sé matsskyld.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Efnistakan er í samræmi við aðalskipulag Bláskógabyggðar, Þingvallasveit, 2004-2016.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Bláskógabyggðar samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og reglugerð um hollustuhætti. Leyfi Þingvallanefndar þarf samkvæmt lögum um Þjóðgarðinn á Þingvöllum.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða efnistöku í Svartagili, Bláskógabyggð, vegna endurbóta á Þingvallavegi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 2.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal einkum taka mið af stærð og umfangi framkvæmdar, nýtingu náttúruauðlinda og mengun, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Um er að ræða umfangslitið magn efnis úr námu sem er opin. Efnistöku og frágangi verður hagað í samvinnu og samráði við Þjóðgarðsvörð og Umhverfisstofnun. Í verklok verður náman mótuð að umhverfinu og jarðvegur nýttur til uppgræðslu. Framkvæmdaraðili fyrirhugar ákveðið verklag til að fyrirbyggja mengun og lágmarka möguleg mengunaróhöpp. Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir



sem falla undir eðli framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, magns, gæða og getu til endurnýjunar náttúruauðlinda, svæða sem njóta verndar samkvæmt sérlögum og eru á náttúruminjasrá og njóta hverfisverndar samkvæmt ákvæðum í skipulagsáætlunum sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Framkvæmdasvæðið er eins og áður segir um 7000 m² að flatarmáli og þar af er mestur hluti þess á röskuðu landi í núverandi námu í Svartagili. Framkvæmdirnar hafa í för með sér viðbótarrask á núverandi námusvæði. Náman mótast af framburði lækja en á vorin berst mikið efni fram í leysingum sem endurnýjar efni námunnar. Samkvæmt lögum nr. 85/2005 um verndun þingvallavatns og vatnasviðs þess skal standa vörð um lífríki þingvallavatns og vatnasviðs þess og innan verndarsvæðisins er óheimilt að gera nokkuð það sem getur spillt vatni eða mengað það, bæði yfirborðsvatn og grunnvatn. Samkvæmt lögum nr. 47/2004 um þjóðgarðinn á Þingvöllum skal land þjóðgarðsins vera friðað í því skyni að varðveita ásýnd þess sem helgistaðar þjóðarinnar og til að viðhalda eins og kostur er hinu upprunalega náttúrufari. Framkvæmdirnar munu raska svæði nr. 743 á náttúruminjasrá, sem er Þingvellir og Þingvallavatn. Umhverfisstofnun hefur í umsögn sinni sagt að stofnunin telji ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif, efnistakan muni ekki auka sjónræn áhrif frá því sem orðið er og að ekki sé hættu á efnamengun verði kynntu verklagi fylgt. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum hefur í umsögn sinni sagt að um minniháttar rask sé að ræða í vesturjaðri námunnar og að sjónræn framkvæmdanna séu hverfandi frá ferðamannasvæðum. Skipulagsstofnun tekur undir þau álit, en minnir á að Þingvallanefnd er heimilt að binda samþykki á framkvæmdum innan þjóðgarðsins þeim skilyrðum sem hún telur nauðsynleg vegna friðunar. Framkvæmdasvæðið er jafnframt innan hverfisverndarsvæðis (H1) samkvæmt aðalskipulagi Þingvallasveitar, Bláskógabyggð. Ákvæði hverfisverndarinnar fela í sér svigrúm fyrir framkvæmdir á svæðinu með viðeigandi skilyrðum, m.a. geymsla mengandi efna er með öllu óheimil innan vatnasviðsins, við uppgræðslu lands skal notast við plöntur af innlendum uppruna en sáning og áburðargjöf er tilkynningarskyld framkvæmd. Skipulagsstofnun telur að áformaðar framkvæmdir geti samrýmst þeim ákvæðum sem gilda um hverfisvernd svæðisins í aðalskipulagi. Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir staðsetningu framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi viðmiðanna hér að ofan einkum með tilliti til stærðar og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa og sammögnunar ólíkra umhverfisáhrifa á tileknu svæði, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Umhverfisáhrif fyrirhugaðrar efnistöku í landi Svartagils felast fyrst og fremst í áhrifum á landslag og vatnafar. Áhrifin verða að einhverju leyti afturkræf vegna framburðar í leysingum sem endurnýjar efni námunnar smám saman. Byggt á framlögðum gögnum eru áhrifin að mati Skipulagsstofnunar bundin við afmarkað svæði og ekki líkleg til að hafa áhrif á marga þar sem sjónræn áhrif efnistökkunnar eru hverfandi frá helstu ferðamannastöðum þjóðgarðsins. Að teknu tilliti til fyrirhugaðra mótvægisáðgerða framkvæmdaraðila, sem fela í sér frágang á eldra raski í námunni og að fyrirbyggja mengun, telur Skipulagsstofnun að efnistakan muni hvorki hafa áhrif á ásýnd svæðisins né vatnafar.

Að mati Skipulagsstofnunar kalla því þættir sem falla undir eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.



Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 19. júní 2018.

Reykjavík, 11. maí 2018

Jakob Gunnarsson

Matthildur B. Stefánsdóttir